

Uppnám í Eyjum

Formaður Þjóðhátíðarnefndar, formaður ÍBV og stofnandi Bleika fílsins vilja ekki þagga niður kynferðisbrot en viðurkenna að Eyjamenn fari í vörn við ljóta umræðu um Þjóðhátíð. ➔16



FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Enn ein árásin í Evrópu

➔4



Gerbreyttar aðstæður í Nice

➔20



Verðhækkningar án fordæma

➔6



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Veður



Í dag er útlit fyrir hæglatisveður á landinu, skýjað og dálítill væta í flestum landshlutum. Hiti yfirleitt á bilinu 10 til 17 stig. **SJÁ SÍÐU 32**

Marglyttturnar sjást ekki lengur

NÁTTÚRA Marglyttur sem mikið voru á sveimi í Nauthólsvík í júní og byrjun júlí sjást ekki lengur. Starfsfólk Nauthólsvíkur segir að sjóundsfólk hafi ekki tekið eftir þeim né brennt sig á þeim í tvær vikur. Tegundirnar sem voru í Nauthólsvík heita brennihvelja og bláglytta en brennihvelja er stærsta þekkt marglyttutegundin. Fólk sem stundar sjóund lenti oft illa í þeim og brenndi sig víða á líkamanum. Í júní þurfti að hringja á sjúkrabíl eftir að kona brenndi sig á marglyttu en hún fékk mikil ofnæmisviðbrögð. – *ngy*



Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri til að ferðast innanlands.

Fleiri ætla til útlanda í frí

SAMFÉLAG Íslendingar ætla í auknum mæli að ferðast til útlanda í sumarfríinu á kostnað ferðalaga innanlands. Þetta kemur fram í nýrri könnun MMR.

Þá kemur fram að ekki hafa fleiri sagst ætla að ferðast utanlands í sumarfríinu frá því að mælingar hófust í júní 2011.

Af þeim sem afstöðu tóku sögðust 49,6 prósent ætla að ferðast utanlands í sumarfríinu og þar af sögðust 14,4 prósent eingöngu ætla að ferðast utanlands. Til samanburðar sögðust 35,2 prósent ætla að ferðast utanlands árið 2013 og þar af sögðust 7,1 prósent eingöngu ætla að ferðast utanlands sama ár.

Þeim sem sögðust ætla að ferðast innanlands í sumarfríinu hefur fækkað frá því 2013 þegar 82,8 prósent sögðust ætla að ferðast innanlands í sumarfríinu, borið saman við 70,9 prósent nú. – *ngy*



Léttar, lágværar og fyrirferðalítlar rafstöðvar fyrir sumarbústaðinn, ferðavagninn og húsbílinn.



PÓR H.

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is



Minntust hinna látnu



Fimm ár voru í gær liðin frá því að Anders Behring Breivik banaði 77 manns í árasum sínum í miðborg Óslóar og í Útey. Ungir jafnaðarmenn, sem er ungliðahreyfing Samfylkingarinnar, minntust hinna látnu við Minningarlundinn í Vatnsmýrinni síðdegis. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Banna vinstri beygju frá Hafnarvegi

SAMGÖNGUR Vegagerðin hefur ákveðið að banna vinstri beygju til norðurs af Hafnarvegi inn á Reykjanesbraut. Í gær var unnið að því að koma upp viðeigandi umferðarmerkjum og bráðabirgðahindrunum sem gera öllum öðrum erfið fyrir að taka vinstri beygjuna.

Banaslys varð á gatnamótunum í byrjun júlí en fyrirhugað var að beygjan yrði bönnuð frá Hafnarvegi. Eftir slysið hefur hópur fólks barist fyrir því að vinstri beygjan verði bönnuð.

Framtíðarfyrirkomulagi með banni á beygjunni verður komið upp samhliða gerð undirganga undir Reykjanesbraut sem hefst á næstunni. – *ngy*

Fer fimmtugasta fjallahlaupið á áratug

Stefán Gíslason hlaupari hyggst í dag ná markmiði sem hann setti sér við fimmtugsafmælið fyrir níu árum, að hlaupa fimmtíu fjallahlaup fyrir sextugt. Stefán vinnur að bók um hlaupin sem samtals ná yfir þúsund kílómetra leið.

SAMFÉLAG „Þetta er verkefni sem ég gaf mér í afmælisgjöf þegar ég varð fimmtugur,“ segir Stefán Gíslason, hlaupari og formaður verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Hann hyggst í dag ná markmiði sem hann setti sér á 50 ára afmælinu með því að hlaupa sitt fimmtugasta fjallahlaup fyrir sextugt, 81 kílómetra leið úr Miðfirði yfir Arnarvatnsheiði og suður í Borgarfjörð. „Þegar ég varð fimmtugur fannst mér um tvo valkosti að ræða, hægfa afturför eða markvissa líkamsrækt og hægfa afturför,“ segir Stefán og hlær en hann verður sextugur í mars.

Stefán segir upplifunina allt aðra á hlaupum en á öðrum ferðalögum um landið. „Þetta sameinaði áhuga á landfræði og sögu og grúski, að kynna sér leiðir yfir heiðar sem menn fóru í gamla daga. Á mörgum þessum leiðum hafa einhverni tímenn orðið slyss og sumt af þessu tengist skáldverkum. Það var til dæmis mjög magnað að fara um heiðar fyrir norðan Ísafjardardjúp sem tengjast sögum Jóns Kalman,“ segir hann.

„Maður kynnist fólki öðruvísi en í vinnunni. Maður er að takast á við eitthvað með þeim á einhverri auð þar sem gilda allt önnur lögmál en á parkettinu,“ segir Stefán enda hafi hann kynnst fjölda fólks á leiðinni.

Stefán vinnur að bók um hlaupin sem hann vonast til að verði öðrum hvatning til að stunda útiivist og jafnvel fara leiðirnar fimmtíu. „Þetta er allt saman þökkalega



Stefán á hlaupum á Reykjaheiði upp úr Ólafsfirði í ágúst 2014. MYND/SÆVAR SKAPTASON

Maður hefur náttúrulega lent í alls konar rugli. Maður er að fara flestar þessar leiða í fyrsta sinn og hefur lent í vægum villum, smá vandræðum og kannski einu sinni sjálfheldu.

Stefán Gíslason, hlaupari og formaður verkefnisstjórnar rammaáætlunar

fært vel frísku fólki,“ segir hann. Leiðirnar eru allar lengri en níu kílómetrar og á milli tveggja byggðarlaga eða staða sem honum þykja áhugaverðir.

Eftir hlaupið mun Stefán hafa hlaupið þúsund kílómetra í hlaupunum fimmtíu. Brottför úr Miðfirði er klukkan fimm að morgni og gert er ráð fyrir að hlaupið taki riflega þrettán klukkustundir á leiðinni en Stefán mun hlaupa í tíu manna hópi.

Hann segir flest hlaupin hafa gengið stórslysaust fyrir sig. „Maður hefur náttúrulega lent í alls konar rugli. Maður er að fara flestar þessar leiða í fyrsta sinn og hefur lent í vægum villum, smá vandræðum og kannski einu sinni í sjálfheldu.“

Til stendur að halda veislu Stefáni til heiðurs í Húsafelli eftir hlaupið. „Svo held ég bara áfram að hlaupa,“ segir hlauparinn. ingvar@frettabladid.is

Sumarútsala 20-70%

JUTLANDIA® VALTOR VISA ALLTAD 36 MÁNUÐIR Netgíró

SÓFI + 2 BORD + 2 STÓLAR + SESSUR
VIÐHALDSFRÍTT

SPARIÐ 50.000 AF SETTI

FULLT VERÐ: 139.990
89.990

JUTLANDIA®

SÓFI + BORD + 2 STÓLAR + SESSUR
VIÐHALDSFRÍTT

SPARIÐ 40.000 AF SETTI

FULLT VERÐ: 129.990
89.990

VEBBESTRUD 3JA SÆTA SÓFI, 2 ARMSTÓLAR, 2 INNSKOTSBORD ÁSAMT SESSUM
Endingargott garðsett úr áli og handfléttuðu polyrattan efni. Innskotsborð með borðplötu úr viðarlíki. Stærð á stærra borði: Ø73 og H43 sm. Stærð á minna borði: Ø54 og H37 sm. Sófi stærð: 181 x 70 x 72 sm. Stóll stærð: 75 x 70 x 72 sm. Vnr. 3777000

KARLSHAMN GARÐHÚSGÖGN

Sett úr áli og sterku polyrattan efni. Flott borð, 3ja sæta sófi og 2 armstólar. Slitsterkar sessur og púðar með polyesteráklæði fylgja. Stærð á borði: B57 x L105 x H35 sm. Stóll B75 x L71 x H81 sm. Sófi B81 x L173 x H81 sm. Vnr. 3747500

NÚ ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

ALLAR GARÐSESSUR
50-70% AFSLÁTTUR

STRIB BORD
Borðplata með viðarlíki og álgrind. Stærð: Ø120 x H73 sm. Litur: Grár. Vnr. 3745901

VIÐHALDSFRÍTT

FULLT VERÐ: 39.990
24.990

SPARIÐ 15.000 KRÓNUR

KOSTA ARMSTÓLL
Góður stóll úr fléttuðu, veðurþolnu polyrattabefni. Vnr. 3746900

SPARIÐ 7.000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 16.990
9.990

BLOKHUS BORD
Flott garðborð úr svörtu stáli með glerplötu úr hertu gleri. Vnr. 3770704

SPARIÐ 1.000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 3.795
2.795

KERTEMINDE STILLANLEGUR STÓLL
Góður stóll úr gegnheilum harðvið með háu stillanlegu baki. Þolir íslenska veðráttu. Vnr. 3758501

SPARIÐ 3.000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 9.995
6.995

HALDEN SÓLSTÓLL
Traustur og nýtrískulegur sólstóll úr stáli og sterkumstriga. Fæst í svörtu og bláu. Vnr. 3738500, 3738513, 3738516

SPARIÐ 2.000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 7.995
5.995

SKAGEN BORD
Stílhreint og fallett borð úr svörtu áli með viðhaldsfríri borðplötu úr viðarlíki. Stærð: B90 x L150 sm. Vnr. 3771003

FULLT VERÐ: 34.990
19.990

43% AFSLÁTTUR

SAN FRANCISCO BORD
Borð úr ál og við. St. 89 x 89 sm. Vnr. 46063002

40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 24.990
14.990

GRENAA STÓLL
Vnr. 3770703

20% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.990
2.395

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
GILDIR 23.07-03.08



Innovation
that excites

NISSAN PULSAR EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI



VISIA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.090.000 KR.

ACENTA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.390.000 KR.

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:

LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslenskt leiðsögukerfi og samþætting við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðupurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Philip Hammond, fjármálaráðherra nýju stjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hammond segist geta endurræst efnahagslífið

BRETLAND Efnahagssamdrátturinn í Bretlandi er nú hraðari og meiri en hann hefur verið síðan í apríl árið 2009, þegar kreppan mikla var í algleymingi.

Þetta kemur fram í nýjustu rannsókn breska fjármálafyrirtækisins Markit, sem mánaðarlega kannar stöðu meira en 1.200 fyrirtækja í Bretlandi.

Breskir fjölmiðlar skýrðu frá þessu í gærmorgun og í kjölfarið féll breska pundið nokkuð hratt.

Ástæða samdráttarins er rakin beint til atkvæðagreiðslu um útgöngu úr Evrópusambandinu, sem haldin var 23. júní. Þar samþykktu Bretar með 52 prósentum atkvæða að yfirgefa ESB.

Philip Hammond, fjármálaráðherra hinnar nýju ríkisstjórnar Theresu May, segir að hugsanlega muni hann þurfa að „endurræsa“ breskt efnahagslíf í haust, þegar hann gerir þinginu grein fyrir stöðunni í efnahagsmálum landsins. – **gb**

Ætlar að skipuleggja herinn á ný með hraði

TYRKLAND Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, segir að tyrkneski herinn verði endurskipulagður á mjög stuttum tíma.

Herinn fái „ferskt blóð“, eins og hann orðar það, í staðinn fyrir þær þúsundir hermanna sem hafa verið fangelsaðar eða reknar.

Þetta sagði hann í viðtali við Reuters-fréttastofuna á fimmtudagskvöld.

Ummælin hafa vakið ugg meðal forystumanna Evrópusambandsins, sem ítreka áskoranir sínar til Erdogans að virða mannréttindi.

„Við skorum á tyrknesk stjórnvöld að virða réttarríkið, mannréttindi og grundvallarfrelsi, þar á meðal rétt allra þeirra einstaklinga sem hlut eiga að máli á að fá réttlát réttarhöld,“ segir í yfirlýsingu




Erdogan Tyrklandsforseti í hópi stuðningsmanna sinna, sem hafa fjölmennt út á götur undanfarna daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

frá Federicu Mogherini, utanríkisráðgjafi Evrópusambandsins, og Johannes Hahn stækkunarstjóra þess. – **gb**

Í baði í hitanum



Skógarbjörn, sem býr í dýragaði í Yongin suður af Seúl í Suður-Kóreu, kældi sig í vatni í gær. Mjög hlýtt er í Seúl þessa dagana og getur hitinn náð allt upp í 30 stig yfir miðjan daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Verðhækkun verslana 10-11 fordæmalaus

Fréttablaðið kannaði hvort fyrirhugað væri að hækka verð á kvöldin og um helgar hjá matvöruverslunum. Verð hjá 10-11 hefur hækkað á þeim tímum að meðaltali um 8%. Engir aðrir sem rætt var við ætla að fylgja fordæmi 10-11.

VIÐSKIPTI Fordæmalaust er að matvöruverslanir á Íslandi hækki verð á ákveðnum tímum. Þetta segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Þetta er nýlunda og við höfum um minnsta kosti ekki neitt dæmi um svona. Það hefur verið þannig að verslanir sem hafa til dæmis opið allan sólarhringinn hafa haft sama verð óháð tíma.“

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að verð hefði verið hækkað í þremur verslunum 10-11 eftir klukkan átta á kvöldin og á virkum dögum og allan sólarhringinn um helgar. Rafrænar verðmerkingar í hillum verslananna breytast á hverjum tíma. Þær verslanir sem um er að ræða eru í Austurstræti, á Laugavegi og á Barónsstíg. Árni Pétur Jónsson, forstjóri 10-11, segir ástæðu hækkunarinnar vera aukið álag og hækkun rekstrarkostnaðar verslana 10-11 í miðbænum.

Eigendur matvöruverslana sem eru í grennd við umræddar verslanir 10-11 sjá ekki ástæðu til að hækka verð í verslunum sínum á kvöldin eða um helgar.

Við erum heldur ekki með neinar verðhækkunir á kvöldin eða um helgar.

Jón Björnsson, forstjóri Festar



Það er mikið af ferðamönnum sem versla hérna en við viljum hafa allt sanngjarnt.

Thelma Sigtryggsdóttir, verslunarstjóri Kvosarinnar

Jón Björnsson, forstjóri Festar, sem rekur Krónuna, segir að sama verð sé í öllum Krónuverslunum alls staðar á landinu þrátt fyrir misjafnt álag hverju sinni og hvar á landinu sem verslunin er. „Við erum heldur ekki með neinar verðhækkunir á

kvöldin eða um helgar,“ segir Jón en það er ekki fyrirhugað hjá Krónunni að hækka verð á ákveðnum tímum. Jón segir að þó að álag sé meira á ákveðnum verslunum þá bætist það oftast upp með aukinni veltu.

„Það er alveg brjálað að gera hjá okkur enda er miðbærinn fullur af fólki. Við höfum ekki séð neina ástæðu til að hækka verð á kvöldin eða um helgar enda eykst salan þegar það er mikið að gera,“ segir Valdis Hrönn, verslunarstjóri Krambúðarinnar á Skólavörðustíg.

Thelma Sigtryggsdóttir, verslunarstjóri Kvosarinnar, tekur í sama streng. Kvosin er í nokkurra metra fjarlægð frá 10-11 í Austurstræti. „Það er mikið af ferðamönnum sem versla hérna en við viljum hafa allt sanngjarnt. Við höfum opið hvern einasta dag vikunnar og á kvöldin og höfum ekki séð neina þörf á því að hækka verð.“

Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1, segir ekki fyrirhugaðar breytingar á verði í verslunum fyrirtækisins á álagstíma.

nadine@frettabladid.is



Neytendasamtökin

Stjórnarkjör Neytendasamtakanna - auglýst eftir framboðum -

Stjórn Neytendasamtakanna skal skipuð 13 mönnum, þ.e. tólf stjórnarmönnum auk formanns. Til að njóta kjörgengis þurfa framboðendur að vera 18 ára eða eldri og skuldlausir félagsmenn í samtökunum (hafa greitt félagsgjald fyrir árið 2016), en hægt er að skrá sig í samtökin á heimasíðu þeirra www.ns.is. Í lögum samtakanna segir:

„Stjórn Neytendasamtakanna skal auglýsa eftir framboðum til formanns og stjórnar á heimasíðu samtakanna og í a.m.k. einum fjölmiðli fyrir 1. ágúst þá ár sem þing er haldið. Framboð skulu berast framkvæmdastjóra Neytendasamtakanna eigi síðar en 15. ágúst sama ár.“

Í samræmi við þetta auglýsir stjórn Neytendasamtakanna eftir framboðum til formanns og stjórnar Neytendasamtakanna fyrir næsta kjörtímabil (2016-2018) sem hefst frá og með þingi samtakanna sem fram fer í október nk., en kosning til stjórnar fer fram á þinginu.

Framboð skal senda Hildigunni Hafsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Neytendasamtakanna, á skrifstofu samtakanna Hverfisgötu 105, Rvk., (opnunartími er kl. 9:00-15:00 alla virka daga) eða í tölvupósti Hildigunnur@ns.is eigi síðar en hinn 15. ágúst 2016.

Einnig er hægt að senda framboð í pósti og má pósthimpill ekki vera dagsettur síðar en 15. ágúst 2016.

Reykjavík 20. júlí 2016
Stjórn Neytendasamtakanna

OUTLET

**Í HAGKAUP
HOLTAGÖRÐUM**

**ALLT AÐ 80%
AFSLÁTTUR**

● 200
● 500
● 1.000
● 1.500
● 2.000

● 3.000
● 4.000
● 5.000
● 6.000
● 8.000

HAGKAUP
Stemmtilegast að versla

Aðhald að utan



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

S tundum heyrir að enginn munur sé á Íslandi og gerspiltum ríkjum í þriðja heiminum. Hér sé, líkt og þar, landlæg frændhygli og misbeiting opinbers valds. Þetta er rétt svo langt sem það nær. Benda má á mýmörg dæmi um klíkuskap og stórkarlalega misneytingu opinbers valds á Íslandi.

Flestir hafa á tilfinningunni að íslensku dómssvaldi hafi stundum orðið illa á í messunni. Æ oftar birtast efasemdir um að dæmt sé eftir lögunum. En þótt framkvæmdarvald og dómstólar hér eigi misjafna daga verður að gæta sannmælis í samburðinum.

Fólk sem þekkir harðstjórn í fátækum löndum veit að það er eðlismunur á spillingunni hér og þeim hörmungum sem viðgangast í skjóli síðlausra einræðisstjórna. Harðstjórnar láta njósna um þegna sína, jafnvel inni á þeirra eigin heimilum, mútubægni er landlæg, þeir siga lögreglu á stjórnarandstæðinga, hernum á almenning og beita dómssvaldi til að losa sig við þá sem sýna óæskilega hegðun. Þeir drepa fólk. Himinn og haf er milli stjórnarfars hér og ógnarstjórna í fjölda misspilttra landa nær og fjær.

Tyrkland er ekki þriðja heims ríki. Það á aðild að mörgum burðugustu lýðræðisstofnunum heims og skuldbindur sig samkvæmt því. Samt berast ömurlegar fréttir af viðbrögðum stjórnvalda við meintri valdaránstílaun hersins, sem forsetinn segir hröðugur að tekist hafi að brjóta á bak aftur – hvað sem er satt og hvað logið í þeim efnunum.

Viðbrögð Erdogans forseta og ædstu stjórnvalda eru ofsafengin. Boðuð er lögleiðing dauðarefsingar með afturvirkum lagabálki til að ná fram réttlæti gagnvart þeim sem eru á lista yfir meint landráða-fólk. Þúsundir og aftur þúsundir hafa verið reknað úr starfi fyrir skoðanir sínar. Nægilegt er að vera grunaður um stuðning við valdaránsmenn.

Ofstopinn í Tyrklandi er okkur sem betur fer framandi. Þó er hann þörf áminning um að mikið reynir á yfirvöld að halda stillingu á erfiðum tímum. Í skugga einhvers konar ringulreiðar má ekki dæma eftir annars konar reglum en giltu þegar atvikin áttu sér stað. Ákærvaldi á ekki að beita til að slá á reiði fólks. Ekki má í skugga ástands, sem skapast vegna áfalla, fara á svig við mannréttindareglur. Þær eiga að gilda jafnt fyrir alla, hvað sem líður andúð og stillfimi háværra álitsgjafa, skoðunum mælskra ráðherra og óvinsældum sakborninga.

Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassburg er með til athugunar nokkur kærumál gegn íslenska ríkinu. Við erum skuldbundin til að lúta reglum dómstólsins. Hann hefur sent innanríkisráðuneytinu áleitnar spurningar sem varða grundvallarmannréttindi sakborninga í hrunmálum. Það er hollt aðhald.

Sennilega hefði stærstu afglöpum íslenska refsikerfisins á seinni hluta síðustu aldar verið afstýrt ef dómstóllinn í Strassburg hefði verið kominn til sögunnar fyrir 40 árum. Samfélagið væri örugglega betra ef við hefðum verið laus við þann draug og sársaukann sem hann olli.



Ákærvaldi á ekki að beita til að slá á reiði fólks. Ekki má í skugga ástands, sem skapast vegna áfalla, fara á svig við mannréttindareglur.

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann Athyglissjúk erkitýpa



É g skrifaði pistil um daginn um hálfþóm glös – um hvernig okkur hættir til að búast alltaf við hinu versta og láta algjör smáatriði pirra okkur. Hann fékk fin viðbrögð og ég viðurkenni að ég var mjög glaður. Margir vinir mínir deildu honum og líka fullt af fólki sem ég þekki ekki neitt og lét falleg orð fylgja með. Það gladdi mitt litla hjarta.

Kallið mig plebba en mér finnst alltaf gaman þegar fólk líkar við mig og finnst ég geggjáð skemmtilegur. Það er bara svo miklu notalegra. Enda reyni ég að vera ekki mjög leiðinlegur við fólk og finnst að það sé almennt miklu betra að vera bara léttur.

En svo voru aðrir sem voru fúlir og notuðu ekki alveg jafn falleg orð. Og þá kemur maður að þessari stöðu: Hvað á ég að gera í því? Á ég í alvöru að fara að rífast við fólk á netinu? Er gáfulegt að segja: „Nei, þú skilur ekki. Ég var ekki að meina að fólk sem ætti ekki fyrir mat mætti ekki hafa áhyggjur.“ Sennilega ekki.

En mig langar til að fara yfir nokkur ummæli sem birtust. Af hverju? Af því að ég get það og ég er í sumarfríi og valið stendur á milli þessa og pistils: steriótýpur á sólarströnd. Og af því að ég er í raun viðkvæmt blóm.

Ef Logi Bergmann Eidsson er meðal okkar fremstu vísdomsbrekkna er fokið í flest skjól... narsissisti frá hexxxxxi.

Þetta er sennilega allt rétt. Skil samt ekki af hverju það er hægt að segja að ég sé vitleysingur og narsissisti en ekki skrifa helvíti. Var ekki orðið aðeins of seint í þessari setningu að verða kurteis?

Bla, bla. Um hvað er þessi pistill herra Bakari? Ég held að þú þurfir að ath. stafsetningu hjá þér. Þú getur bullað með Gísla vini þínum, mér að meinalausu. Slepptu athyglissýkinni á öðrum vettvangi.

Hér held ég að sé verið að vísa í útvarpsþáttinn Bakariid sem ég er með á laugardagsmorgnum á Bylgjunni með Rúnari Frey (sem er vissulega Gíslason). Og já, ég er pottþétt athyglissjúkur. Haldið þið að ég sé í sjónvarpinu út af vinnutímanum? En ég er eiginlega alveg viss um að það er engin stafsetningarvilla í pistlinum

hjá mér (las hann þrisvar yfir).

Já, já, ekkert mál, lokum bara augunum höldum fyrir eyrun, þá verður nauðgunin miklu þægilegri.

Hér er ég ekki alveg viss um hvað ég eigi að segja. En ég er nokkuð viss að þessi hefur lagt aðeins of mikla merkingu í þetta. Já, eiginlega bara alltof mikla. Eða verið að lesa annan pistil.

Þetta, hljómar, eins og, hann, sé, að, gera, grín, af, veikindum, annara, Engin, veit, hver, er, næstur,

Það var sko alls ekki meiningin. Það var bara notað sem dæmi um það hvernig við getum miklað hluti fyrir okkur. Og þó að það hafi verið gerð athugasemd við stafsetningu hjá mér (og ég ætti því ekki að gefa ráð um slíkt) þá er ég alveg viss um að þetta er ekki eðlileg kommusetning.

Og uppáhaldið mitt.

Logi Bergmann er ekki góður penni sem er merkilegt enda á hann langan feril að baki og er nú hampað talsvert...

Maður lifir ekki með fólki með því að fundastýra því. Maður bara sættir sig við að sumir leggja mikla rækt við neikvæðni sína. Alveg eins og ég lifi með því að Logi leggur mikla rækt við eigið rassgat og að tala niður þá sem ekki hafa verið jafn heppnir í lifinu – og átt jafn góða vini – og hann sjálfur...

Logi er einmitt erkitýpan fyrir andverðleika sem pirrar fólk svoltið.

Ég verð að viðurkenna að ég á í smá vandræðum með þetta. Sérstaklega þetta með að vera erkitýpa fyrir andverðleika. Ég er ekki alveg viss um að ég skilji þetta orðasamband en það getur varla þýtt neitt gott.

En hér – svo ég haldi áfram á sömu nótum og um daginn – á ég val. Ég get grátið í koddann yfir fólkinu og hugsað um fólk sem finnst ég vera illa skrifandi ógeð sem gerir grín að veikindum annarra, hugsandi um mitt eigið rassgat dagana langa í minni óþolandi, stafsetningarafneitandi athyglissýki. Eða ég get lesið aftur allt það fallega sem hitt fólk sagði um mig.

Þið megið gíska á hvort ég ætla að velja.

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR FRÉTTIRNAR

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.

365
FRÉTTASTOFA



LAGERHREINSUN

20%

afsláttur

af öllu frá IBF



LAGERHREINSUN

30%

afsláttur

af öllum sófasettum



LAGERHREINSUN

30%

afsláttur

af öllum sessum



LAGERHREINSUN

30%

afsláttur

af öllum sólarhleðsluljósum



BAUHAUS®



Nýjast**Borgunarbíkar kvenna undanúrslit****Stjarnan - Breiðablik 2-3**

0-1 Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir (31.), 0-2 Hallbera Guðný Gísladóttir (43.), 0-3 Fannnis Friðriksdóttir (66.), 1-3 Anna Björk Kristjánsdóttir (74.), 2-3 Ana Cate (86.).

Breiðablik mætir annaðhvort Þór/KA eða ÍBV í bikaúslitaleiknum en þau mætast í dag klukkan 12.30 á Þórsvelli á Akureyri.

SJÖ MED VALLARMET Í GÆR
Axel Bóasson úr Keili og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr GR eru efst þegar keppni er hálfnuð á Íslandsmóttinu í golfi á Jaðarsvelli á Akureyri. Sjö jöfnuðu vallarmetið í gær, þar af fimm karlar.

Ólafía Þórunn er með tveggja högga forskot á Valdísi Þóru Jónsdóttur úr Leyni í kvennaflokki. Ólafía Þórunn lék á 68 höggum eða -3 og jafnaði vallarmetið en það gerði Signý Arnórsdóttir úr GK einnig.

Axel Bóasson úr Keili er með eins höggs forskot á þá Rúnar Arnórsson úr GK, Birgi Leif Hafþórsson úr GKG og Gísla Sveinbergsson úr GK. Axel Bóasson var einn af fjórum kylfingum sem jöfnuðu vallarmet Arons Snæs Júlíussonar frá því á fimfundag. Hinir sem léku á 67 höggum voru þeir Rúnar Arnórsson, Arnór Ingi Finnbjörnsson, Gísli Sveinbergsson og Andri Már Óskarsson.

STRÁKARNIR Í UNÐANÚRSLIT
Íslenska 20 ára landsliðið í körfubolta er komið í undanúrslit í B-deild EM eftir 40 stiga stórsigur á Georgíumönnum í gær, 94-54. Íslenska liðið mætir heimamönnum í Grikklandi í undanúrslitum keppninnar klukkan 15.45 í dag. Kristinn Pálsson og Hjálmar Stefánsson voru stigahæstir með 15 stig hvor, Jón Axel Guðmundsson var með 13 stig og þeir Pétur Rúnar Birgisson og Kári Jónsson skoruðu báðir 12 stig.

Verið góður en vill gera betur

DAMIR MUMINOVIC, miðvörður Breiðabliks, er besti leikmaður fyrri umferðar Pepsi-deildar karla samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins. Hann er ágætlega sáttur við gengið hingað til en segist eiga mikið inni.



FRÉTTABLAÐID/HANNA

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is

FÓTBOLTI Damir Muminovic, miðvörður Breiðabliks, er leikmaður fyrri umferðar Pepsi-deildar karla í fótbolta en hann er efstur í einkunnagjöf blaðsins. Blaðamenn Fréttablaðsins og Vísis gefa öllum leikmönnum einkunn frá 1-10 og er Damir með 6,73 í meðaleinkunn. Hann er rétt á undan fyrirlíða sínum Oliver Sigurjónssyni sem er í öðru sæti með 6,67 og þriðji Blikinn, Andri Rafn Yeoman, er með 6,55.

„Þetta kemur mér aðeins á óvart. Mér finnst ég vera búinn að spila ágætlega en ég get gert miklu betur,“ segir Damir í viðtali við Fréttablaðið. „Ég er búinn að setja markið hátt fyrir sjálfan mig eftir síðasta ár.“

Múrað fyrir markið

Eins og í fyrra er Breiðablik aðeins búin að fá á sig átta mörk eftir ellefu umferðir. Liðið er nú í fjórða sæti með 19 stig, þremur stigum frá toppsætinu en á sama tíma í fyrra var það með 22 stig í þriðja sæti og tveimur stigum frá toppnum. Liðið er búin að skora þrettán mörk minna en á sama tíma í fyrra.

„Ég hef verið ánægður með varnarleikinn. Við getum gert betur fram á við. Það er fínt að fá Árna Vilhjálmsson inn núna. Hann er mjög góður eins og sást í síðasta leik þar sem hann lagði upp þrjú mörk. Það hefur kannski vantað upp á hjá okkur,“ segir Damir en Blikaliðið er aðeins búin að skora þrettán mörk.

Varnarleikur Blika í heild sinni hefur hlotið náð fyrir augum skribenta Fréttablaðsins og Vísis því

félagi hans í miðverðinum Elfar Freyr Helgason er einnig með yfir sex í meðaleinkunn sem og markvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson. Þeir eru því miðverðirnir, markvörðurinn, varnarsinnaði miðjumaðurinn og besti pressuleikmaðurinn, Andri Rafn, með yfir sex.

Elskar Gulla

Damir hefur áður viðurkennt að hafa ekki tekið fótboltann nægilega alvarlega en hann tók sig vel í gegn þegar hann gekk í raðir Leiknis í 1. deildinni 2012. Gott tímabil þar fleytti honum til Ólafsvíkur í Pepsi-deildinni en Ólafur Kristjánsson fékk hann svo til Breiðabliks 2014 þar sem miðvörðurinn hefur blómstrað. Þrátt fyrir að spila mjög vel núna í eitt og hálft tímabil fær Damir ekki alltaf mesta lofið en það trufar hann ekkert.

„Alls ekki. Við erum lið. Þetta er liðsþrótt. Umfjöllunin um mig hefur bara verið fin,“ segir Damir sem bætir við að Blikarnir stefni á titilinn og hafa það sem þarf til þess að vinna mótið.

„Ég held að fólk átti sig ekki á hversu góðan hóp við erum með. Við erum með virkilega góða leikmenn, bæði unga og eldri þannig að við setjum stefnuna á titilinn.“

Elsti maður Pepsi-deildarinnar, Gunnleifur Gunnleifsson, stendur vaktina í marki Blika. Reynslan sem hann býr yfir gerir mikið fyrir Blikaliðið en hvað gerir hann svona sérstakan? „Fyrst og fremst hversu góður maður hann er. Hann er yndislegur maður og ég elska hann. Gulli er besti markvörður á Íslandi. Við vitum það og það gefur okkur auka kraft í leikjum.“

CURRY-WURST

eru mest seldu pylsur í Þýskalandi

Nú færðu í næstu matvöruverslun

Currywurst pylsubita
fulleldaða - aðeins að hita



Í bakkannum er trégaflall og auka krydd
Auka krydd

Frá kr.
67.495

Allt að
43.000 kr.
afsláttur á mann

SÓL Á SPOTTÞRÍS

SALOU



Allt að 40.000 kr. afsláttur á mann

Regina Gran Hotel 🌟🌟🌟

Frá kr. 97.725 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 97.725 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 123.845 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
29. júlí í 7 nætur.

SALOU



Allt að 40.000 kr. afsláttur á mann

Hotel California Palace 🌟🌟🌟+

Frá kr. 90.805 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 90.805 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 113.007 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
29. júlí í 7 nætur.

TENERIFE



Allt að 30.000 kr. afsláttur á mann

Arena Suites Apartments 🌟🌟🌟

Frá kr. 67.945 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 67.945 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 86.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
3. ágúst í 7 nætur.

TENERIFE



Allt að 30.000 kr. afsláttur á mann

Iberostar Bouganville Playa 🌟🌟🌟

Frá kr. 133.210 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 133.210 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb.
Netverð á mann frá kr. 149.745 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
10. ágúst í 7 nætur.

COSTA DEL SOL




Allt að 43.000 kr. afsláttur á mann

Aguamarina Aparthotel 🌟🌟🌟

Frá kr. 113.830 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 113.830 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúd.
Netverð á mann frá kr. 150.395 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
11. ágúst í 11 nætur.

COSTA DEL SOL



Allt að 25.000 kr. afsláttur á mann

Stökktu 🌟🌟+

Frá kr. 99.995 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íb/h/st.
Netverð á mann frá kr. 129.995 m.v. 2 fullorðna í íb/h/st.
11. ágúst í 11 nætur.

KRÍT



Allt að 40.000 kr. afsláttur á mann

Sirios Village 🌟🌟🌟

Frá kr. 143.445 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 146.095 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 178.195 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
18. ágúst í 11 nætur.

KRÍT



Allt að 40.000 kr. afsláttur á mann

Omega Apartments 🌟🌟🌟

Frá kr. 99.695 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 99.695 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 124.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
18. ágúst í 11 nætur.



Það verður alls konar við að vera á Klambratúni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Allir kátir á Klambratúni

Hugmyndin að Kátt á Klambra kviknaði á Secret Solstice. Fjölbreytt dagskrá verður í boði fyrir alla fjölskylduna.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Amorgun verður heldur betur stuð og stemning á Klambratúni þegar barnahátíðin Kátt á Klambra fer fram en sannkölluð karnivalstemning mun ríkja og fjölbreytt dagskrá verður í boði fyrir börn og fullorðna.

„Hugmyndin kviknaði á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í fyrra. Á sunnudeginum var sól, reggi- og íslenskar hiphop-hljómsveitir. Ég fór með litlu stelpuna mína sem var ekki orðin tveggja ára og hún skemmti sér konunglega. Ég hitti vini mína sem voru með börnin sín líka og það myndaðist einhver svona fjölskyldustemning ef ekki hefði verið fyrir áfengið og sigarettarnar,“ segir Jóna Elísabet Ottesen sem skipuleggur

hátíðina ásamt Valdísi Helgu Þorgeirsdóttur.

Jóna segir undirbúninginn hafa gengið stórvel og þær Valdís fundið fyrir því að stemning væri fyrir hátíð á borð við þessa, þar sem öll fjölskyldan gæti skemmt sér saman og fundið eitthvað við sitt hæfi.

„Ég fór líka að hugsa um þessi grænu svæði sem eru í borginni og hvað það væri oft hægt að nýta þau betur. Og einmitt þessi hugmynd að

barnaskemmtanir þurfi ekki alltaf að vera þannig að Íþróttalífurinn mæti, hoppukastalar, ís og einhver tryllingur heldur að það sé líka hátíð þar sem foreldrarir geta notið sín saman, hitt aðra foreldra og börnin þeirra þannig að þetta snúist ekki bara um að troða ís í börnin, hoppa aðeins og fara svo heim,“ segir Jóna en fjölbreytt dagskrá verður á morgun.

Meðal þess sem í boði verður á morgun er barnajóga, hiphop-dans-

sýning, barnadískó, Frikki Dór og barnadískó. Auk skemmtidagskránnar verða ýmsar uppkomur á svæðinu. Til dæmis húllafjör, tattúbás, tombólumarkaður, sögustund og listasmíðjur á Kjarvalsstöðum. Þeir sem verða svangir geta keypt ýmsar veitingar á svæðinu.

Dagskráin hefst klukkan 14.00 og stendur til klukkan 17.00. Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Kátt á Klambra.

Hvað á að gera um helgina?

FARÐU

í Druslugönguna, þar sem polendur kynferðisofbeldis skila skómminni.



Ásdís María söngkona DRUSLUPEMA

Ég ætla að sjálfsgöngu í Druslugönguna. Svo heim að kúra því ég græt alltaf svo mikið í göngunni að ég er alveg búin á því. Um kvöldið er ég síðan að halda karóíkíkvöld með druslupema á Prikinu!

HORFÐU

á þáttaröðina Vinyl, framleidda af Martin Scorsese á Stöð 2 Marabon.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri BÆTIR FYRIR SYNDIR

Ég ætla í Druslugönguna. Hvet alla til að mæta, oft var þörf en nú er nauðsyn! Kíki líka á hinn æðislega matarmarkað Krás í Fógetagarðinum. Helgin er að öðru leyti helguð því að bæta fyrir syndir; vinna á villigróðri og ofsprottu grasi í garðinum. Skómm að þessu.

LESTU


nýjasta tölublað Glamour. Tiska, hönnun og allt það nýjasta!



Frosti Logason fjölmiðlamaður MEÐGÖNGUJÓGA

Ótrúlegt en satt mun ég sækja minn fyrsta meðgöngujóga-tíma. Unnusta mín er langt gengin með okkar fyrsta barn og ekki seinna vænna að skella sér í einn paratíma. Restin af helginni fer svo í hreiðurgerð en nú fara allir dagar í að undirbúa komu barnsins.

HLUSTAÐU
á Retro Stefson –boðskap þeirra og tónlistina!



Njótum frjálstra osta



Ostahúsið hefur auðgað íslenska ostamenningu með fjölbreyttu vöruúrvali frá stofnun þess 1992. Ostahúsið sérhæfir sig í framleiðslu á smurostum, rjómaostum, ostarúllum, fylltum brieostum, pizzatoppum, gómsætum eftirrétum og gjafakörfum.



KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 301 x 200 x 78 cm

179.990 kr. ~~239.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri. Grátt áklæði.
Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

149.990 kr. ~~189.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR



Kiruna

Priggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 227 x 90 x 78 cm.

69.990 kr. ~~99.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR

Kiruna

Tveggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 162 x 90 x 78 cm.

59.990 kr. ~~89.990 kr.~~



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd höfuðpúði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm.

89.990 kr. ~~119.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



40%
AFSLÁTTUR

DELTA

Eldhúsbord. Eik/hvitt.
Stærð: 100 x 100 H: 74 cm

29.990 kr. ~~49.990 kr.~~



50%
AFSLÁTTUR

BELINA

Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

9.995 kr. ~~19.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

NEPTUN

Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~



26%
AFSLÁTTUR

NEPTUN

Borðstofustóll.
Eik.

10.990 kr. ~~14.990 kr.~~

ÖLL ÖNNUR
SMÁVARA*

20%

AFSLÁTTUR

* IJTTALA OG
KÄHLER ERU EKKI
Á AFSLÆTTI

MOSAICO, LUCE OG
PRISMA GLÖS FRÁ VIDIVI

60%
AFSLÁTTUR



RALPH LAUREN
H O M E



ÖLL MATARSTELL
FRÁ RALPH LAUREN

50%
AFSLÁTTUR

30%
AFSLÁTTUR

W
Handmade in Italy
home&table



Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Sumar ÚTSALAN í fullu fjöri

Allt að 70% afsláttur



33%
AFSLÁTTUR

LEEDS

Hægindastóll.
Anna/Patch slitsterkt áklæði.

79.990 kr. ~~119.990 kr.~~

MINO

Hægindastóll. Svart, brúnt
PU-leður og grátt áklæði.



27%
AFSLÁTTUR

39.990 kr. ~~54.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

SALLY

Hægindastóll PU-leður
Litir: Brandy, brúnn og svartur.

29.990 kr. ~~39.980 kr.~~

L A Z B O Y® *Live life Comfortably.*

KENNEDY

Klassískt sófasett frá La-Z-Boy.
Grátt og ljósgrátt slitsterkt áklæði.

Priggja sæta: 196 x 100 x 97 cm.

119.994 kr. ~~199.990 kr.~~

Tveggja sæta: 177 x 100 x 97 cm.

113.994 kr. ~~189.990 kr.~~



40%
AFSLÁTTUR



ADAM

Ljósbrúnt, grátt og rautt slitsterkt áklæði.
Stærð: 82 x 98 x 104 cm

28%
AFSLÁTTUR

L A Z B O Y®
Live life Comfortably.

99.990 kr.
~~139.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR

PINNACLE

Brúnt, dökkbrúnt eða
vínrautt leður á
slitflötum.
Stærð:
84 x 90 x 100 cm

143.990 kr.
~~179.990 kr.~~



28%
AFSLÁTTUR

CLEVELAND

Hægindastóll.
Ljós- og dökkgrátt áklæði.

24.990 kr. ~~34.990 kr.~~



Íris, Jóhanna Ýr og Dóra segja að síðustu ár hafi orðið mikil vitundarvakning meðal Eyjamanna og forvarnir verið settar á oddinn. Aftur á móti megi alltaf gera betur og óska þær eftir stuðningi. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Stingum ekki höfðinu í sandinn

Þrjár Eyjakonur sem koma annars vegar að skipulagi Þjóðhátíðar í Eyjum og hins vegar að forvörnum eru sammála um að það þurfi að opna samtalið um kynferðisafbrot og senda skýrari skilaboð um að þau líðist ekki á Þjóðhátíð. En þær eiga það líka sameiginlegt að hafa legið andvaka í alla nótt vegna áhyggja af umræðunni síðustu daga.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is



Síðustu vikuna hefur heilmikil atburðarás átt sér stað sem hófst á svari lögreglustjórans í Vestmannaeyjum við fyrirspurn Fréttablaðsins. Þar sagði hún að ekki yrði tilkynnt jafnóðum um fjölda kynferðisbrota í Vestmannaeyjum.

Ummælin hafa komið af stað heilmikilli umræðu þar sem Eyjamenn eru meðal annars sakaðir um þöggum um kynferðisofbeldi vegna gróðasjónarmiða og myndarhernaðar.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum er sá sem veitir leyfi fyrir Þjóðhátíð. Íþróttafélagið ÍBV heldur aftur á móti Þjóðhátíð, ekki bærinn og alls ekki lögreglan.

Ekki sammála Páleyju

Það er því við hæfi að setjast niður með tveimur forkólfum íþróttafélagsins, Dóru Björk Gunnarsdóttur og Írisi Róbertsdóttur, og fá að heyra þeirra sjónarmið auk stofnanda forvarnarhópsins Bleika fílsins, Jóhönnu Ýrar Jónsdóttur, sem berst gegn kynferðisofbeldi á Þjóðhátíð. Þetta eru allt Eyjakonur og fyrsta spurningin liggur beint við: *Eru þær sammála lögreglustjóranum og verklagi hennar þegar kemur að kynferðisbrotum?*

Jóhanna Ýr: Nei, ég hefði óskað að hún hefði ekki gert þetta svona. En fyrst og fremst gagnrýni ég ríkislögreglustjóra og að það séu ekki til skýrar reglur um jafn grafalvarlegt mál og kynferðisbrot. Eg stórefast um að lögreglustjórar megi hafa sinn háttinn á í morðmálum eða mannránum.

Þetta mál sýnir enn eina ferðina brotalóm í samfélaginu okkar þegar kemur að kynferðisbrotum. En ég vil ekki að þetta sé öðruvísi í Vestmannaeyjum en annars staðar í landinu. Það á að fjalla á sama hátt um kynferðisbrot og önnur afbrot, svo þolendur upplifi þau ekki sem einhvers konar öðruvísi afbrot. En umræðan hefur líka verið óvæginn og á tímum ósanngjörnt. Ég þekki Páleyju. Þetta er vönduð manneskja og hefur sinnt sínu starfi sem lögfræðingur brotaþola af mikilli natni. Það þarf líka að samræma þetta og mögulega rannsaka hvaða verklag henti best. Gera þetta af fagmennsku. Ég hef nefnilega kynnt mér báðar hliðar og skil bæði sjónarmið.

Dóra: Ég hef ekki forsendur til að meta hvaða verklag sé best en ég hef gagnrýnt ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra fyrir að vera ekki með samræmt verklag. Það er verið að vitna í úrelta reglugerð frá árinu 2002. Þessi umræða kom upp fyrir ári og fólk hefur haft ellefu mánuði til að samræma verkferla.

Íris: Mér finnst frábært að fréttamenn sýni þessum málaflökki áhuga en það er verra að allt sem við höfum sent frá okkur um forvarnir á Þjóðhátíð hefur verið klippt út, til dæmis forvarnarstarf Bleika fílsins.

En það er aldrei í lagi að þegja um kynferðisafbrot og það eiga ekki að gilda aðrar reglur í Vestmannaeyjum. Þetta hefur verið klaufalegt, allt í kringum þetta hefur verið ofsalega klaufalegt. Umræðan fór í algjört rugl, aftur.

Engin markaðsherferð í gangi

Mikill hiti hefur verið í umræðunni og sumir vilja meina að það sé verið að komast hjá því að segja nauðgun og Þjóðhátíð í sömu setningu. Að hér sé um þöggum að ræða vegna markaðsherferðar fyrir Þjóðhátíð og bæinn.

Íris: Heldur þú í alvörnunni að lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum sé í markaðsherferð fyrir Þjóðhátíð? Þetta hefur verið klaufalegt en það hefur líka legið þungt á henni. Við í félaginu höfum aldrei verið spurð hvort eða hvenær eigi að segja frá brotum. En þetta er heldur ekki okkar. Við stjórnnum þessu ekki.

Ekki rétt að hætta með Þjóðhátíð

Af hverju hefur Þjóðhátíðarnefnd aldrei gefið út að kynferðisbrot verði ekki liðin á

hátíðinni með viðeigandi afleiðingum?

Jóhanna Ýr: Ég yrði afar ósatt ef Þjóðhátíðarnefnd myndi gefa út þá yfirlýsingu að ef kynferðisbrot verði framin verði hátíðin ekki haldin aftur. Svoleiðis getur leitt til þess að manneskja, sem er nauðgað, þegir. Markmið Bleika fílsins er ekki að fækka tilkynningum heldur fækka tilfellum.

Önnur hlið er menningararfur Þjóðhátíðar. Það eru svona 20-30 ár síðan það varð vinsælt hjá fólki að koma á Þjóðhátíð en hátíðin hefur verið haldin í 140 ár. Þjóðhátíðarnefnd hefur ekki rétt til að flauta þessa hátíð af. Henni fylgja síðir og venjur sem einkenna eyjuna.

Íris: Venjulegt fólk heima er í uppnámi vegna þessarar umræðu. Ein eldri kona sagði við mig í morgun að hún hefði ekki sofnið í nótt því hún er svo miður sín yfir því hvernig er talað um Þjóðhátíð. Fólk heima er í losti.

En snýst þetta um ykkur?

Íris: Þegar það er sagt: „Vestmannaeyingar, nauðgið heima hjá ykkur,“ þá snýst þetta um okkur. Hvernig eigum við ekki að taka þetta til okkar?

Eyjamenn í vörn

Má ekki tala um það sem gerist ljótt á Þjóðhátíð? Eru Eyjamenn í vörn?

Jóhanna Ýr: Auðvitað eru þeir í vörn. →

Á Þjóðhátíð

100

GÆSLUMENN ERU AÐ STÖRFUM ÞEGAR ÁLAGIÐ ER SEM MEST




14

LÖGREGLUMENN

3

NEYÐARFLUTNINGAMENN



2

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

3

BRÁÐATÆKNAR



1

LÆKNIR ER Á VÖKTUM ALLAR NÆTUR Í HERJÓLFSDAL

10

EFTIRLITSMYNDAVÉLAR ERU Í DALNUM SEM VAKTA SVÆÐIÐ



ÁSTIR, ÖRLÖG & KILJUR




Ekkjan
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-




Ástarsögur íslenskra kvenna
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.899.-




Hin myrku djúp
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-



Villibráð
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-



Vinkonur
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-




Ótrúleg saga Indverja sem hjólaði til Svíþjóðar á vit ástarinnar
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-




Ég fremur en þú
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-



Leyndir gallar
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-



Smámyndasmiðurinn
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-



Kakkalakkarnir
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-



Konan í myrkrinu
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-



Næstum fullorðin
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða og vildarverða er 23. júlí, til og með 25. júlí, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

50% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20%

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar“. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavæki. Vörurval getur verið misjafnt milli verslana.

LAGGER HREINSUN

á sumarvörum

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR



Enn meiri verðlækkun

- Garðálfar **50% afsláttur** • Útipottar **30% afsláttur** • Birki í pottum **70% afsláttur**
- Garðplöntur, tré, runnar, fjölærar plöntur, rósir og sumarblóm **50% afsláttur**
- Bensín sláttuvélar **25% afsláttur** • Rafmagnssláttuvélar **30% afsláttur**
- Garðverkfæri **30% afsláttur** • Hekklippur **35% afsláttur** • Keðjusagir **35% afsláttur**
- Úðarar og slönguhjól **35% afsláttur** • Mosatætarar **35% afsláttur**
- Garðhúsgögn **30% afsláttur** • Tjaldstólar og tjaldborð **40-50% afsláttur** • Sessur **40% afsláttur**
- Kælibox **40% afsláttur** • Tjöld **40% afsláttur** • Vindsæng og svefnpokar **40% afsláttur**
- Vatnsbrúsar **40% afsláttur** • Grilláhöld **30% afsláttur** • Leikföng **40% afsláttur**

ÚTSALA Á PALLAEFNI LÝKUR UM HELGINA



Byggjum á betra verði

www.husa.is

Fólk er auðvitað slegið

Bergþór Bjarnason býr í Nice þar sem morð-óður maður ók yfir fjölda fólks fyrir rúmri viku er það naut flugeldasýningar á þjóðhátíðardaginn. Bergþór var á báti utan við ströndina þegar ódæðið átti sér stað. Þegar hann kom í land mætti hann vígbúinni lögreglu og breyttum aðstæðum í borginni.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Sjálfsgaetning hefur verið á Promenade des Anglais þar sem þessar hörmungar áttu sér stað ef okkur Olivier, manninum mínum, hefur ekki verið boðið í siglingu af henni Önnu Charlottu, sænskri vinkonu okkar, svo við vorum að horfa á flugeldana úti á hafi þegar þetta gerðist," segir Bergþór Bjarnason í Nice, um atburði fimmtudagsins í síðustu viku þegar truflaður maður keyrði trukkt inn í mannfjölda.

„Það eru nokkur ár frá því að við förum á strandgötuna á Bastilludaginn, því Olivier er lítið fyrir flugelda og enn minna fyrir fólksmergð en ég var búinn að tala um að mig langaði að fara núna. Einnig stóð til að bróðir hans yrði hér með kærustunni sinni, það hefði örugglega orðið til þess að við hefðum verið á svæðinu, en svo varð ekkert af því að þau kæmu. Í staðinn vorum við nokkur hundruð metra frá, á siglingu. Við vissum því ekkert um þessa atburði fyrir en komið var að landi, þá hringdi maður enskrar vinkonu okkar í okkur, hann var staddur á Englandi og sagði konu sína hafa flúið inn á veitingastað við ströndina í Nice, þar sem einhvers konar árás hefði verið gerð. Á heimleið mættum við vígbúinni lögreglu á Garibaldi-torgi, sem er nálægt höfninni, sem óskraði á fólk að drífa sig í burtu. Okkur virtist sem yfir stæði leit að einhverjum en seinna kom svo í ljós að maðurinn var einn að verki.“

Ástandið var algjörlega sýrrealískt á götum borgarinnar, að sögn Bergþórs, líkist mjög hernáðar-ástandi. „Lögreglan var gjörtsamlega að fara yfir um. Við Olivier komumst í sporvagn enda var fyrsta hugsunin sú að fara heim og læsa dýrum og þegar þangað kom settum við strax skilaboð á Facebook um að við værum hölpnir, þar sem síminn var farinn að rauðglaða af skilaboðum og hringingum úr ýmsum áttum. Svo var kveikt á fréttastöðvunum sem voru strax með beina útsendingu.“

Kökkur í hálsinum

Bergþór er verslunarstjóri hjá Michael Kors í stórverslun Galeries Lafayette við Massena-torg sem er skammt frá staðnum þar sem ill-virkid átti sér stað og þurfti að fara í vinnu strax um helgina. „Það er ekki þægilegt að vera á svo berskjölduðu svæði sem stórverslun er, þrátt fyrir auknið öryggisefirlit. Ég hefði helst viljað vera í friði heima hjá mínum manni. Depurð er það orð sem helst lýsir líðan okkar og einhvern veginn er eins og kökkur í hálsinum.“

Mér finnst þó eins og ég hafi ekki enn getað greint þessa atburði og brugðist við, ólíkt því sem gerðist í nóvember, eftir árásirnar í París, þegar tærin runnu á hverju kvöldi yfir fréttunum. Nú hef ég varla horft á fréttir, það er einfaldlega of mikið.“

Ottinn í borginni leynir sér ekki að sögn Bergþórs. „Fólk er auðvitað slegið. Svo tala allir í ferðamálabransanum og viðskiptalífínu um afbókanir og að hvergi sé hræða síðan á fimmtudagskvöld. Á mánudag sagði ég við Olivier að við skyldum fara út og fá okkur í glas og svo borða á einhverjum veitingastað, það væri ekki hægt að láta einhverja djöfla vinna svona auðveldlega. Eðlilegt mannlíf verður að komast aftur í gang og ef enginn fer neitt eða eyðir einni einustu evru þá leggst allt í dvala.“

Við höfum vanist því síðan á síðasta ári, þegar í tvígang voru gerðar árásir í Frakklandi, að vera á varðbergi en svo gleymist ottinn smám saman þangað til að eitthvað nýtt gerist eins og nú. Það er samt kannski kaldranalegt að segja það en oftast eftir svona atburði eins og urðu hér í Nice á þjóðhátíðardaginn er öryggið fullkomið því eftirlitið er svo mikið.“

Inntur eftir umfjöllun fjölmiðla um málið svarar Bergþór: „Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki mikið fylgst með sjónvarpi þar sem ég hef ekki haft löngun til þess. Það er orðin hefð að allar fréttastöðvar séu með óendanlegar beinar útsendingar þegar eitthvað alvarlegt gerist og maður fær alveg yfirskammt af fréttum og algjört ógeð á því hvernig reynt er að bróðera í beinni tímum saman þegar ekkert nýtt kemur fram. Svo er líka verið að spila inn á tilfinningasemi því hárfín lína er á milli þess að sýna í raun og veru það sem er að gerast og þess að nota hörmungar annarra til að laða að áhorfendur. Þess vegna finnst mér betra að hlusta á útvarp.“

Fólk er reitt

Þótt margir sameinist í sorginni í Nice þessa dagana finnur Bergþór líka fyrir aukinni spennu gagnvart minnihlutahópum eftir vöðaverkið sem framið var. „Fólk hér syðra er blóðheitt og lætur oft ljót orð falla til annarra. Sá sem fer yfir götu á grænu ljósi er hundskammaður af bílstjóranum þegar hann verður næstum undir bíl og á fótum fjör að launa. Við því mátti búast að eitthvað yrði um svívirðingar í garð múslima eftir þessar hörmungar. Fólk er reitt og skilur ekki hvernig þetta getur gerst. Almennigur er líka orðinn langþreyttur á vandræðum sem fylgja litlum hópi af afkomendum innflytjenda, það er líkt og að önnur og þriðja kynslóð eigi í vandræðum með að finna sitt sjálf í eigin landi. Þar að baki er fjórutíu



Bergþór á strandgötunni Promenade des Anglais þar sem 84 týndu lífi, þar af tíu börn og unglingar.



Mikilvægt að halda stillingu

„Þjóðernissinnar hafa um nokkurt skeið verið mjög áberandi í héraðinu Les Alpes Maritimes, þar sem Nice er. Í morgun (fimmtudaginn 21. júlí) voru viðtöl í útvarpinu við Nicebúa og hræðilegt kynþáttahatur kom þar fram. Þetta ódæðisverk hefur vissulega áhrif í þá veru en viti bornara fólk segir að óskastaða hjá hryðjuverkamönnum sé einmitt að sundra fólki og æsa það hvert gegn öðru, svo mikilvægt er að halda stillingu.“

Á myndinni er krans á Promenade des Anglais frá samtökum múslima í héraðinu Les Alpes Maritimes.

ára sorgarsaga um hvernig samfélaginu hefur mistekist að koma göðum gildum sínum til skila.“

Nú hyggst François Hollande Frakklandsforseti bregðast við þessu hryðjuverki með því að bæta í herflotann hjá sér. Ekki telur Bergþór það kunna góðri lukku að stýra. „Ég held að það sé ekki til þess fallið að fríða fólk og auka samstöðu með því að tala um hryðjuverk þegar einn maður, sem ekki er í jafnvægi, fremur fjöldamorð. Það er líka

algjörlega fáránlegt að heyra Daesh lýsa ábyrgð atburðarins á hendur sér þegar sá sem framdi verknadinn hafði, eftir því sem ég best veit, engin sambönd við þau samtök. Í ljósi þessa er það einkennilegt að heyra að franska ríkið ætli að auka loftárásir í Írak og Sýrlandi sem viðbrögð við þessum hörmulega atburði. Verkefnið heima fyrir eru mörg og flókin og erfitt að sjá hvernig á að líma saman brotin svo fólk sé tilbúið að búa saman í friði og ró.“



ÞAD ER EINKENNILEGT AÐ HEYRA AÐ FRANSKA RÍKIÐ ÆTLI AÐ AUKA LOFTÁRÁSIR Í ÍRAK OG SÝRLANDI SEM VIÐBRÖÐ VIÐ ÞESSUM HÖRMULEGA ATBURÐI. VERKEFNIN HEIMAFYRIR ERU MÖRG OG FLÓKIN OG ERFITT AÐ SJÁ HVERNIG Á AÐ LÍMA SAMAN BROTIN SVO FÓLK SÉ TILBÚIÐ TIL AÐ BÚA SAMAN Í FRÍÐI OG RÓ.

Hvort atburðirnir í Nice á þjóðhátíðardaginn breyti afstöðu fólks til innflytjendamála til lengri tíma segir Bergþór erfitt að spá um. „Þjóðernisflokkurinn í Frakklandi hefur verið í uppgangi um nokkurt skeið en ég hef á tilfinningunni að það sé efnahagskreppa sem veldur vanlíðan almennings frekar en innflytjendur. Reyndar verða þeir fórnarlömb kreppunnar og það er hér eins og víðar einhvers konar „Trumpismi“ í gangi sem fellur vel í fólk þegar illa gengur.“

FÆÐUBÓTAREFNI FYRIR INNRA EYRA

Iccare kynnr Vita Ear™ fæðubótarefnið er ætlað til að viðhalda heyrninni en 30% einstaklinga á aldrinum 45 ára og eldri upplifa einhvers konar óþægindi vegna heyrnar og/eða heyrnartap. Slíkt getur haft mikil áhrif á lífsgæði fólks.

New Nordic hefur þróað byltingarkennt fæðubótarefni með jurtafnum sem unnin eru úr gingko biloba sem hjálpar til við að viðhalda heyrn, berki franskra barrtrjáa sem hjálpa til við að viðhalda góðri háræðablóðrás og magnesíum sem hjálpar til við að viðhalda eðlilegri starfsemi taugakerfisins svo sem boðflutningi, móttöku og úrvinnslu skynupplýsinga (taugaþöð). Fullorðnir einstaklingar á öllum aldri mega nota fæðubótarefnið. Sífelld fleiri þurfa að gripa til ráðstafana gegn heyrnartapi sem getur hægt verulega á lífsstílnum og minnkað gleðina í lífinu. Það gera þeir með því að taka Vita Ear™ fæðubótarefnið.



Auk magnesíums inniheldur Vita Ear™ einnig náttúrulega blöndu af þykkni unnu úr berki barrtrjáa og gingko biloba.

EKKI GALDRAR HELDUR HREIN VÍSINDI

Með rannsóknum á magnesíuminntöku starfsmanna í flugher Bandaríkjanna sem eru stöðugt í miklum hávaða hafa vísindamenn komist nær því að uppgötva leyndardóma magnesíums. Í innra eyranu eru þúsundir örsmárra hára sem tengjast skynfrumum. Vísindamenn hafa uppgötvað tengsl milli rafvakaþjálfnægis (electrolyte balance) og heyrnar. Rafvakaþjálfnægi hefur neikvæð áhrif á getu skynfruma innra eyrans til að nema hljóðbylgjur. Magnesíum er rafvaki og ef það skortir í fæðunni leiðir það til rafvakaþjálfnægis í líkamanum. Magnesíumið í Vita Ear™ viðheldur eðlilegu jafnvægi rafvaka í líkamanum.

SKORTIR ÞIG MAGNESÍUM?

Með aldrinum minnkar magnesíummagn líkamans vanalega. Geta líkamans til að taka upp

» Sífelld fleiri þurfa að gripa til ráðstafana gegn heyrnartapi.


magnesíum úr fæðunni minnkar. Fæða okkar hefur sömuleiðis mikil áhrif á magnesíumbúskap líkamans. Til dæmis gengur fosfórsýra sem notuð er í marga gosdrykki á magnesíum í líkamanum. Neysla áfengis minnkar sömuleiðis magnesíumupptöku líkamans.

BÖRKUR BARRTRJÁA OG GINGKO

Auk magnesíums inniheldur Vita Ear™ einnig náttúrulega blöndu af þykkni unnu úr berki barrtrjáa og gingko biloba. Bæði þessi náttúruæfni hafa verið notuð um aldir sökum lífefnafræðilegrar virkni þeirra. Börkur ákveðinna barrtrjáa hjálpar til við að viðhalda góðri æðavirkni og blóðrás í háræðum. Lauf gingko biloba trésins hjálpa sömuleiðis við að viðhalda góðri blóðrás háræða sem og góðri heyrn.

STÖKKTU Á VAGNINN

Sífelld fleiri taka Vita Ear daglega. Þú getur líka notið ávinnings Vita Ear. Vita Ear fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða um land allt og í vefverslun Iccare, www.iccare.is.



Fannst eins og ég væri með eyrnatappa

„Ástandið versnaði jafnt og þétt. Mér fannst eins og ég væri með eyrnatappa. Verst var ástandið þegar margir voru að tala í einu. Það skapaði vanlíðan þegar ég var úti á meðal fólks. Ég var alltaf hrædd við að segja eitthvað sem ekki átti við,“ segir hin danska Marie.

HÁVAÐASÖM BARNABÖRN

„Annað vandamál var suð í eyrum. Þetta hræðilega hljóð fylgdi mér oft, sérstaklega á nóttunni. Stundum var það óbærilegt. Tengdadóttir mín kom í heimsókn með barnabörnin. Krakkarnir höfðu svo

hátt að ég flúði um stund í næsta herbergi. Ég ákvað þá að prófa Tone töflurnar til að viðhalda eðlilegri heyrn.“

HEF TEKIÐ GLEÐI MÍNA!

„Eftir að hafa tekið Vita Ear í sjö vikur var engu líkara en einhver hefði fjarlæggt eyrnatappana úr eyrunum. Ég hef tekið gleði mína að nýju. Ég get tekið virkan þátt í samræðum án þess að verða ringluð í hávaðanum og notið samvista við vini með mannum mínum. Ég nýt lífsins. Ég tek enn Vita Ear á hverjum degi,“ segir Marie.

IceCare
Þin heilsa

SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.iccare.is

MARAPON

Sérblaðið „Marapón“ kemur út 28. júlí

Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512-5429
jonivar@visir.is





Brauðið sem gestir Uglunnar munu gæða sér á í dag og á morgun nýkomið úr ofninum.



Jurtirnar í Fnjóskadal gegna fjölbreyttu hlutverki í matseld Uglunnar, til dæmis í gómsætt te sem rennur ljúflega niður.



Valgerður H. Bjarnadóttir er gestgjafi í Uglukaffihúsinu um helgina og býður upp á veitingar sem byggja helst á hráefni úr Fnjóskadalnum.

FNJÓSKDÆLSKAR KRÆSINGAR

Nú geta aðdáendur Uglunnar í Fnjóskadal tekið gleði sína en Uglan mun setjast á sínar gömlu slóðir að Skógum um helgina og veita vel bæði gestum og gangandi. Gestgjafinn á Uglukaffi er Valgerður H. Bjarnadóttir.

„Uglan var starfrækt sem kaffihús frá 2012–2014 í þrjú ár en svo tók ég mér frí í fyrra og núna. Í sumar hefur kvenfélagið í sveitinni slegið upp kaffihlaðborði um helgar og þær buðu mér að vera eina helgi. Og ég ákvað að slá til og rifja upp gamla takta núna um helgina.“

Einkenni Uglukaffihússins er að þar er unnið með efnivið úr héraði. „Við höfum alltaf lagt áherslu á að vera með eins mikið og við getum úr nánasta umhverfi en samt að blanda saman hefðbundnum íslenskum kræsingum við matargerðarlist heimsins. Ég hef lagt áherslu á að vera með ís-

lenskt hráefni og matarhefðir í fyrirrúmi, nota rabarbara mikið, er með pönnukökur í ýmsum búnungi og krydda þetta með áhrifum frá enskri, grískri, franskri og ítalskri matargerð.“

Þar sem Uglan staldrar aðeins við í tvo daga að þessu sinni verður áherslan á brot af því besta sem var á matseðlinum. „Það sem var vinsælast í Uglunni á sínum tíma var svokallað rabarbarakraum, eða rabarbarabaka úr úrvals rabarbara úr dalnum. Svo var líka alltaf mjög vinsælt að fá sér hráköku Uglunnar sem er mjög einföld og ljúffeng. Svo verða pönnukökurnar og svo bökkum við brauð

” Við höfum alltaf lagt áherslu á að vera með eins mikið og við getum úr nánasta umhverfi en samt að blanda saman hefðbundnum íslenskum kræsingum við matargerðarlist heimsins.

Valgerður H. Bjarnadóttir

að franskri fyrirmynd, hálsúrdeigsbrauð sem er létt og gott og bragðmikið sem við berum fram með silungi og fleiru góðu úr þessum landshluta.“

Til drykkjarfanga má meðal annars telja kaffi og te. „Vinsælasta teið er úr jurtum sem tíndar eru hér í Fnjóskadalnum. Og svo fyrir þá sem vilja ekki kaffi, te eða heitt súkkulaði erum við með rabarbarasafa sem bæði börnum og fullorðnum finnst góður.

Það hefur alltaf verið stefnan að hafa sem mest heimagera. Auðvitað þurfum við kaffi sem ræktað er í útlöndum og slíkt en að svo miklu leyti sem hægt er

að nota hráefnið úr dalnum þá gerum við það.“

Uglukaffið er eins og áður sagði staðsett í Fnjóskadal, nánar tiltekið í Skógaskóla. „Veitingasalurinn er gamla kennslustofan og hún er alveg óbreytt frá því þarna var skóli, með kortum og bókum og ýmsu sem minnir á gamla tíma og er skemmtileg upprifjun fyrir þau okkar sem muna þessa tíma og spennandi upplýsingar og fræðsla fyrir þau sem fæddust síðar og muna ekki þessa tíma, að sjá hvernig skólar voru fyrir hálfri öld.“

Að lokum lét Valgerður okkur í té uppskrift að sínu vinsæla rabarbarakraumi.

RABARBARAKRAUM UGLUNNAR

Í mylsnublönduna:

250 g kalt, (ósalt) smjör, skoríð í litla bita
100 g haframjöl
300 g spelt eða hveiti
200 g fingurður, hrár reyrsykur
ögn af salti

Í fyllinguna:

700 g rabarbari, snyrtur og skorinn í 2,5 cm bita
2 msk. fingurður, hrár reyrsykur, og meira til að strá ofan á
safí úr ½ sítrónu
klípa af ósöltuðu smjöri

1. Hitið ofninn í 180°C/Gas 4.

2. Setjið efnið í mylsnudeigið í stóra skál.

3. Nuddið smjörunu saman við hveitið, sykurinn og saltið. Lyftið blöndunni með fingrunum og látið hana detta aftur til að hún verði loftmikil og létt.

4. Setjið rabarbarann í smurt leirfat. Stráið á hann sykrunum, dreypið á hann sítrónusafanum og



Rabarbarakraumkakan vinsæla, best volg með léttþeyttum rjóma.

dreifið smjörbitunum jafnt ofan á.

5. Stráið mylsnublöndunni ofan á rabarbarann en þrýstð henni ekki niður. Stráið svolítið meiri reyrsykri ofan á. Setjið fatið í ofninn og bakið í 35-40 mínútur eða þar til kakan er gullin og safinn farinn að ólga úti við barmana á fatinu.

6. Berið kökuna fram með þeyttum rjóma úr íslenskum kúm.

Létt og þægileg í veiðina

Veiðigleraugu með og án styrktarglugga



Kíktu við og mátaðu!



Gleraugnaverslunin Eyesland


5. hæð Glæsibæ www.eyesland.is S: 577-1015

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429



ÞAÐ ER GAMAN AÐ VEIÐA - GÓÐA SKEMMTUN -



Sími: 527-1060 | Langholtsvegi 111

 **Veidiflugur**



Kokkar frá allri veitingaflórinni munu bjóða hinar ýmsu kræsingar.

KRÁS HEFST Í DAG

Krás götumarkaður verður opnaður í Fógetagarðinum klukkan 13 í dag en þetta er í fimmta skipti sem hann er haldinn. Líkt og fyrri ár munu kokkar frá allri veitingaflórinni sameinast um að búa til götumat undir berum himni. Að þessu sinni verður markaðurinn opinn á laugardögum og sunnudögum milli 13 og 18 og stendur opinn fram yfir Menningarnótt. Gestir geta ýmist sest niður og notið matarins á staðnum eða tekið hann með sér heim.

Hugmyndasmiðir og verkefnastjórar götumarkaðarins eru þau Gerður Jónsdóttir og Ólafur Örn Ólafsson en götumatarhátíðin er unnin í samvinnu við Reykjavíkurborg og er hluti af verkefni borgarinnar Torg í biðstöðu. Heildarútlit markaðarins er í höndum Baldurs Helga Snorrasonar arkitekts, Sveins Daða Einarssonar verkfræðinema, Snorra Þórðarsonar Reykdal húsgagnasmiðs og Jóns Helga Hólmeirssonar iðnhönnuðar en þeir fengu jafnframt Grapevine hönn-



Ólafur Örn Ólafsson og Gerður Jónsdóttir eru hugmyndasmiðir markaðarins.

unarverðlaunin 2014 sem hjartasta vonin fyrir útlit Krás-ar 2013.

Markmiðið með markaðinum er að sögn Gerðar og Ólafs fyrst og fremst að gera Reykjavík að enn skemmtilegri matarborg. „Þarna verður pláss fyrir alla og þarna ættu vinir, ömmur og afar, börn, kærustupör, einstaklingar, frænkur og frændur að geta notið þess að vera saman og bragða góðan mat.“

GOTT AÐ HRISTA UPP Í TILVERUNNI

Margrét Eir Hönnudóttir stígur á sviði í bakgarði Jómfrúarinnar í dag og syngur djass úr söngleikjum sem flestir þekkja. Það er því góð ástæða til að fjölmenna í garðinn og rifja upp gömlu lögin með henni.

Þetta er þriðja sumarið sem Margrét kemur fram á djasstónleikum Jómfrúarinnar. „Það hefur skapast löng og skemmtileg djasshefð á Jómfrúnni á sumrin. Lögin sem ég flyt í dag eru þekkt djasslög úr söngleikjum, lög eins og I get a kick out of you, Cheek to cheek og Can't help lovin' dat man sem allir kannast við. Það er alltaf voðalega gaman að flytja þessi gömlu lög. Svo vonar maður að veðrið verði gott þar sem tónleikarnir verða utandyra,“ segir Margrét sem hefur starfað sem söng- og leikkona í meira en tuttugu ár. Á veturna rekur hún söngskólann Meiriskóla og kennir fólki á öllum aldri sönglistina.

Margrét segir að gestir á djasstónleikum séu flest fólki á aldrinum 40 plús. „Mér sýnist samt að unga fólki sé að detta í þennan heim líka. Það er svo gaman að ef fólki kemur einu sinni þá kemur það aftur. Það skapast svo skemmtileg stemming á svona tónleikum. Eignum við ekki að segja að það sé hipp og kúl að koma á Jómfrúna,“ segir hún. Með henni verða þeir Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, Jón Rafnsson sem leikur á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.

HORFT ÚR FYRIR BOXIÐ

Þótt Margrét segist reyna að vera í sumarfríi þessa dagana er alltaf eitthvað óvænt sem kemur upp á. Hún er mikið afmælisbarn og er farin að undirbúa daginn sem verður 1. ágúst, en þá verður hún 44 ára. „Svo styttest í nýtt skólaár og ýmislegt sem þarf að gera í skólanum. Ég vil vanda til verka og bjóða upp á gæðakennslu. Það hefur verið mikil ásókn í skólann af fólki sem er komið yfir tvítugt. Oft er þetta fólk sem hefur látið sig lengi dreyma um að læra söng og lætur loks verða af því,“ segir hún. „Fólk sem vill horfa út fyrir boxið og gera eitthvað nýtt og spennandi. Það er mikilvægt að hrista aðeins upp í tilverunni. Það getur verið erfitt að standa uppi á sviði og syngja fyrir fullt af fólki. Þess vegna er gott að komast yfir þann kvíða og efla sjálfstraustið,“ segir Margrét.

MEÐ LJÓSA LOKKA

Sjálf er hún óhrædd við að ögra sér og brydda upp á nýjungum. Ljósá hárið sem hún ber þessa dagana ber þess vitni. „Ég á það til að hrista upp í tilverunni,“ segir hún og hlær. „Það er nauðsynlegt að sjá eitthvað nýtt í speglinum. Ég hef gert þetta einu sinni áður en það tók mig smá stund að þekkja þessa konu. Sem betur fer hef ég alltaf verið ófeimin við breytingar, hvort sem það er að skipta um húsnæði, breyta um háralit eða prófa nýjan fatastíl. Listamenn eiga að vera óhræddir við breytingar. Maður á ekki að lokast inni í þægilegu boxi,“ segir hún.

FLOTTUR TÚLKANDI

Margrét var með vinsæla Lindu Ronstadt tónleika í Salnum í vetur og ætlar að halda því áfram í haust. „Ég verð í Salnum 7. október og á Græna hattinum á Akureyri 15. október. Þessir tónleikar eru mér hjartans mál því Linda er söngkona sem mér finnst vera svakalega flottur túlkandi og lögin hennar skipta mann máli. Þau



Hin ljóshærða Margrét verður í sumarskapi á Jómfrúnni í dag. MYND/EYÞÓR

„Sem betur fer hef ég alltaf verið ófeimin við breytingar, hvort sem það er að skipta um húsnæði, breyta um háralit eða prófa nýjan fatastíl.“

Margrét Eir Hönnudóttir

segja alvöru sögur,“ segir Margrét en meðal eftirminnilegra laga með Lindu er Blue Bayou, It's so easy og Don't know much. „Ég fékk ótrúlega góð viðbrögð frá gestum sem kunnu vel að meta þessi lög. Þar fyrir utan fannst mér frábært að koma fram með sólóverkefni.“

ÓVÆNT ÆVINTÝRI

Margrét segir að sumarið hafi verið skemmtilegt. Hún hefur sungið í brúðkaupum og afmælum. Einnig fór hún til Siglufjarðar með hljómsveit sinni, Thin Jim, þar sem var Þjóðlagahátíð. Með henni í bandinu er maður hennar, Jökull Jörgensen, bassa-

leikari, lagahöfundur og rakari. Hann rekur Hárskera almúgans á Laugaveginum. „Hann er mikið náttúrubarn og á það til að draga mig í alls kyns óvæntar ævintýraferðir um landið. Annars finnst mér gott að eiga frídaga, banka upp á hjá vinum, fara í gönguferðir, hjóla eða njóta þess að vera til. Hreyfingin viðheldur orkunni,“ segir Margrét sem var í léttu sumarskapi og naut góða veðursins. „Lífið er stutt svo það er eins gott að njóta,“ bætir hún við: „Svo þykir mér alltaf rómantískt þegar fer að dimma aftur og ég hlakka til þeirra áskorana sem koma með vetrinum.“ elin365.is

Nýjar haustvörur streyma inn



Stærðir 38-53

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Starfsmenn á lager

ÓJ&K/SD óskar eftir hraustum, drífandi og jákvæðum starfsmönnum á lager.

Starfssvið og hæfniskröfur:

- Móttaka og frágangur á vörum í vöruhúsi
- Tiltekt og afgreiðsla á pöntunum
- Almenn lagerstörf
- Þjónustulund og lipurð í almennum samskiptum

ÓJ&K
Ó. Johnson & Kaaber ehf.

SD
Sælkeradreifing ehf.

Umsóknir sendist á:
box@frett.is
merkt **ÓJK/SD lager**
fyrir 12. ágúst, n.k.



Skartsamsetning Jewelry assembly

Starfsmaður óskast í 100% starf við skartsamsetningu hjá ört vaxandi fyrirtæki í íslenski hönnun staðsettu í Kópavogi. Stundvísí, vandvirkni, handlagni, nákvæmni og almenn góð framkoma skilyrði. Vinnutími er 8-16. Reyklausa vinnustaður. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir og/eða ferilsskrár óskast sendar á tölvupóstfangið laguzehf@gmail.com.

We seek a full time committed employee to work in jewelry assembly for our growing design company located in Kópavogur. Punctuality, care, dexterity, precision and general good conduct are firm requirements. Applicants should be able to speak Icelandic or at the very minimum good English. Working hours are 08:00 - 16:00. Non-smoking workplace. The person hired will need to start work as soon as possible. Applications and/or CV should be sent to the email address laguzehf@gmail.com.

Störf í ferðapjónustu

Bustravel Iceland ehf. leitar að metnaðarfullum einstaklingum með ríka þjónustulund. Eftirfarandi störf eru í boði.

Þjónustufulltrúi

Starfssvið

- Bókanir í ferðir
- Símsvörðun og tölvupóstsamskipti
- Upplýsingagjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun sem nýttist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli er skilyrði
- Góð tölvufærni
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Hreint sakavottorð

Um hlutastarf er að ræða sem unnið er á vöktum. Hentar námsmönnum vel.

Leiðsögumaður

Starfssvið

- Leiðsögn í skipulögðum dagsferðum sem fyrirtækið býður upp á

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leiðsögumannspróf eða önnur sambærileg menntun sem nýttist í starfi
- Góð enskukunnátta
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Tekið er við umsóknum á netfangið **konrad@bustravel.is**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

www.bustravel.is
+354 511 2600

BUSTRAVEL
Iceland

Ráðgjafi í bútækni

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni í bútækniráðgjöf.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Leiðandi starf á sviði bútækni innan RML.
- Vinna við uppbyggingu sérþekkingar á sviði bútækniráðgjafar í landbúnaði.
- Teikningar í CAD umhverfi á landbúnaðarbyggingum.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísi í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. vinna við gerð og þróun líkana í excel.

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi.
- Góð þekking á landbúnaðarbyggingum og tæknivæðingu þeirra.
- Reynsla eða þekking á teikningum í CAD umhverfi.
- Réttindi til að leggja fram aðal- og séruppdrætti er kostur en ekki skilyrði.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Umsóknarfrestur er til og með 12. ágúst. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Berglind Ósk Óðinsdóttir boo@rml.is starfsmannastjóri.



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Ráðunautur í jarðrækt

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni í jarðræktarráðgjöf.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Þátttaka í ráðgjafateymi RML sem sinnir jarðræktarráðgjöf í landbúnaði.
- Vinna við almennar jarðræktar- og áburðarleiddbeiningar.
- Ráðgjöf í jarðvinnslu, framræslu og tækni.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísi í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. líkanagerð í excel

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi.
- Þekking eða framhaldsmenntun á sviði jarðræktar og jarðvinnslu.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Umsóknarfrestur er til og með 12. ágúst. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Berglind Ósk Óðinsdóttir boo@rml.is starfsmannastjóri

Ráðunautur

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni í alhlíða ráðgjöf til bænda.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Starf í ráðgjafateymi RML.
- Fjölbreytt ráðgjöf til kúabænda s.s. fóðuráætlanir, kynbótaáætlanir, jarðræktarráðgjöf og ýmis verkefni tengd sauðfjárrækt og hrossarækt
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísi í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. ráðgjöf til nautakjötsframleiðenda, leiðbeiningar við skýrsluhald og nýsköpunarverkefni

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi.
- Þekking á sviði landbúnaðar og þá sérstaklega mjólkur- og nautakjötsframleiðslu
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Æskileg staðsetning viðkomandi er í Húnavatnssýslum eða Skagafirði.

Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Berglind Ósk Óðinsdóttir boo@rml.is starfsmannastjóri.

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



GÆÐA- OG UMHVERFISSTJÓRI

Farfluglar leita að öflugum einstaklingi í starf Gæða- og umhverfisstjóra sem leiðir starfið í náinni samvinnu við gæðateymi Farfugla og tekur þátt í alþjóðasamstarfi.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tilkynnt að árið 2017 verði ár sjálfbærrar ferðaþjónustu og ætla Farfluglar að taka þeirri áskorun með trompi.

ÁBYRGÐARSVIÐ OG HELSTU VERKEFNI

- Innleiðing nýrrar sjálfbærnistefnu og umsjón með miðlun hennar.
- Styrkja starf rekstraraðila Farfuglaheimilanna með ráðgjöf, úttektum og gagnaöflun.
- Þróun gæðakerfa Farfugla og umsjón nýrra verkefna, m.a. innleiðing Vakans á landsvísi.
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi og aðkoma að gerð styrkumsókna.
- Kynning á gæða-, sjálfbærni og umhverfisstarfi Farfugla auk þjálfunar starfsfólks.

Tekið er við umsóknum og fyrirspurnum svarað á netfanginu team@hostel.is. Vinsamlega hengið við ferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með **2. ágúst**. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

STARFSKRÖFUR OG HÆFNI

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Sérstakur gaumur verður gefinn umsækjendum sem hafa menntun í umhverfis- og auðlindafræði, gæðamálum og nýsköpun. Nám í verkefnastjórnun er kostur.
- Reynsla af vinnu með gæðastjórnunarkerfi og góð tölvaþekking.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti. Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og skipulagshæfileikar.
- Ástríða fyrir málaflökknum og að virkja fólk til að ná sameiginlega árangri.
- Hugmyndaauðgi við nálgun verkefna, þolinmæði og sveigjanleiki í tengslum við að leiða mál til lykta í góðu samstarfi við hagsmunaaðila.

Farfluglar eru félagasamtök stofnuð 1939. Hlutverk samtakanna er að styðja við sjálfbæra og ábyrga ferðamennsku og menningarlega fjölbreytni. Sérstaða og samkeppnisrekstur Farfugla byggir á vitund og ástríðu starfsfólks sem hefur gildin víðsýni, virðing og gestrisni að leiðarljósi.

Farfluglar eru aðilar að alþjóðasamtökum Farfugla, **Hostelling International**. Farfluglar eiga systursamtök í 80 þjóðlöndum sem þeir eiga í nánu samstarfi við.

Farfluglar hafa þróað gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem kallast Græn Farfuglaheimili. Einnig er unnið samkvæmt Norræna umhverfismerkinu - Svaninum, Earth Check og HIQ gæða- og sjálfbærnivottun. Farfluglar eru félagar í Festu, miðstöð um samfélags-ábyrgð. Samtökin eru margverðlaunuð fyrir umhverfis- og gæðastarf sitt.

Hjá Farfluglum starfa að jafnaði 70 starfsmenn á sex starfsstöðvum í Reykjavík og Borgarnesi. Einnig eru Farfluglar í samstarfi við rekstraraðila yfir 30 Farfuglaheimila um allt land sem reka gistingu og aðra þjónustu undir merkjum Farfugla.

Meiraprófsbílstjórar

BM Vallá óskar eftir að ráða dugmikla og samvirkusama bílstjóra með meirapróf.

Við erum að leita að steypubílstjórum og efnisbílstjórum.

Starf steypubílstjóra felst í útkeyrslu á steypu til viðskiptavina.

Starf efnisbílstjóra felst í keyrslu á efni frá námu og einnig á milli starfsstöðvar fyrirtækisins.

Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá á Hafþór Jóhannsson á netfangið sigurdur@bmvalla.is

Við leitum að einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt, eru skipulagðir, stundvísir og handlagir, ásamt því að vera kurteisir og búa yfir ríkri þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til 2. ágúst 2016.



BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7

TYRFINGSSON HF.

Við erum að leita að manni í 100% starf á verkstæðið okkar á Selfossi. Öruggt og skemmtilegt starsfumhverfi í ferðaþjónustunni á Íslandi.

Bifvélavirki óskast

Tyrfingsson hf. óskar eftir bifvélavirkja eða vönum viðgerðamanni. Reynsla af viðgerðum stórra bíla og góð tölvaþekking æskileg.

Bílamálari óskast

Tyrfingsson hf. óskar eftir bílamálara.

Umsóknir sendist á tiffi@ggtbus.is

Tyrfingsson hf | Fossnes c | s: 897-5976

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Viltu vinna að fjölbreyttum og spennandi verkefnum á litlum vinnustað?

Verzlunarstjóri



Við leitum að verzlunarstjóra í Vélaval í Varmahlíð. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í fallegu umhverfi. Möguleiki á húsnæði í boði, í göngufjarlægð frá verzluninni sjálfri. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur

1. ágúst

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur verzlunar.
- Innkaup og innkaupasamningar við innlenda og erlenda birgja.
- Fjárhagslegt uppgjör verzlunar.
- Umsjón með starfsmannamálum.
- Ábyrgð á heimasíðu.
- Almenn sölustörf.
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3280

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Staðgóð þekking á verzlunarrekstri.
- Reynsla af rekstri og starfsmannahaldi.
- Staðgóð þekking á þörfum landbúnaðarins, vörum, tækjum og þjónustu.
- Góð þekking á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði, jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar.
- Sjálfstæði og skipulagshæfni.

Vélaval er fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á vörum og tækjum til búrekstrar og þjónustu við bændur. Vélaval leggur áherslu á að geta á öllum tímum boðið upp á góða vöru og þjónustu til viðskiptavina sinna. Helstu vöruflokkar fyrirtækisins eru fóður og fræ, innréttingar í fjós og fjárhús, vörur til viðhalds í útihúsum, girðingarefni, íhluti í heyvinnuvélar, verkfæri, baggaplast, skeifur, hreinlætisvörur og margt fleira.

Vélaval er staðsett við Þjóðveg 1 í Varmahlíð, Skagafirði en viðskiptavinir þess eru um allt land.

Capacent — leiðir til árangurs


capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is



Traust og öflug tenging

Mannauðsstjóri

Landsnet leitar að öflugum einstaklingi til að leiða mannauðsmál félagsins og taka þátt í uppbyggingu og þróun fyrirtækisins til framtíðar. Landsnet leggur áherslu á metnaðarfulla mannauðsstefnu, góða fyrirtækjamenningu og sterka liðsheild í umhverfi sem er í hraðri mótun.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Þróun mannauðsstefnu og stuðla að traustri fyrirtækjamenningu
- Ráðgjöf til stjórnenda í mannauðs- og kjaramálum
- Ábyrgð á launavinnslu og gerð launaáætlana
- Þátttaka í gerð kjarasamninga og samskipti við stéttarfélag
- Ráðningar og ráðningaferlar
- Fræðslu- og starfsþróunarmál

Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála kostur
- Víðtæk reynsla á sviði mannauðsmála
- Reynsla af breytingastjórnun
- Leiðtogafileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og áhugi á að fylgjast með nýjungum á sviði mannauðsmála
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti

Um Landsnet

Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar og að ná sátt um þær leiðir sem farnar verða. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna. Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og viljum skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum. Við höfum að leiðarljósi gildin okkar: samvinnu, ábyrgð og virðingu.

Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst 2016.

Umsóknnum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tinni Kári Jóhannesson (tinni.johannesson@capacent.is) hjá Capacent.

SÉRFRÆÐINGUR Í FASTEIGNAÐEILD

Pósturinn leitar að sérfræðingi í fasteignadeild fyrirtækisins.

Starfssvið

- Stjórnun og eftirlit á framkvæmdum er snúa að fasteignum fyrirtækisins.
- Greining kostnaðar- og verkáætlaða.
- Gerð tilboðsgagna.
- Eftirlit með ástandi fasteigna.

Menntunarkröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tæknifræði eða byggingarfræði.
- Reynsla af byggingareftirliti eða verkefnastjórnun.
- Skilyrði sambærileg og hjá byggingarstjóra.

Hæfniskröfur

- Góð samskipti og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og eftirfylgni verkefna.
- Viðkomandi þarf að þekkja teikniforrit og frumdrög verkfræði- eða arkitektateikninga.

Áhugasamir geta sótt um á umsokn.postur.is ásamt að senda inn starfsferilsskrá og mynd. Umsóknarfrestur er til 4. ágúst 2016. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

PÓSTURINN



Störf í Apóteki

Lyfjaval óskar eftir að ráða lyfjatækni eða afgreiðslufólk með reynslu af apóteksstörfum. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Vinnutími 9-18 virka daga.

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst.

Umsóknir má senda á pósthfangið gudni@lyfjaval.is. Einnig er hægt að fylla út umsókn á lyfjaval.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



STARFSFÓLK ÓSKAST Í GESTAMÓTTÖKU

Keahótel ehf óska eftir að ráða starfsfólk í fullt starf í bæði gestamóttöku og næturverslu á Hótel Borg og Apótek Hótel. Um er að ræða framtíðarstörf.

Starfssvið er m.a.: Bókanir, innritun, upplýsingagjöf, reikningagerð, afgreiðsla o.fl. Unnið er eftir vaktarfyrrkomulagi.

Við óskum eftir starfskrafti sem hefur:

- Ríka þjónustulund
- Góða almenna tölvukunnáttu
- Góða samskiptahæfni
- Þekking á Navision kostur
- Mjög góða íslensku- og ensku-
- Sjálfstæði og metnaður til kunnáttu í töluðu og rituðu máli
- að skila góðu starfi

Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð, vera reyklaus, 25 ára eða eldri og geta hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur sendi starfsferilsskrá á netfangið rakel@keahotels.is



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR



Íþróttakennari

Grunnskóli Snæfellsbæjar óskar eftir að ráða íþróttakennara til starfa næsta skólaár.

Hæfniskröfur:

- Kennaramenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir skipulags-hæfileikar.
- Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanevndar sveitarfélaga.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Snæfellsbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Umsóknir sendist fyrir 3. ágúst 2016 til skólustjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ennisbraut 11, 355 Snæfellsbæ eða á netfangið hilmara@gsnb.is. Í þeim skulu koma fram upplýsingar um menntun, réttindi og starfsreynslu.

Frekari upplýsingar veitir Hilmar Már Arason í síma 894 9903 eða hilmara@gsnb.is.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallegt umhverfi þar sem Snæfellsjökull ber hæst, enda státar sveitarfélagið af svo til allri flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi. Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæingja velkomna. Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóþretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt, glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík. Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarsemi með miklum blóma.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

FORSTÖÐUMAÐUR – ÍBÚÐAKJARNI ÞORLÁKSGEISLA ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ ÁRBÆJAR OG GRAFARHOLTS

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts óskar eftir forstöðumanni til að stýra nýjum íbúðakjarna fyrir fatlaða í Þorláksgesla.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stýrir og ber ábyrgð á faglegu starfi íbúðakjarnans.
- Hefur innsýn í heilsufar þjónustunotenda og yfirsýn yfir alla þá þjónustu sem þeir fá.
- Gerir starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra.
- Ber ábyrgð á daglegum rekstri, innkaupum og bókhaldi íbúasjóða þar sem það á við.
- Ber ábyrgð á einkafjármunum íbúa samkvæmt umboði.
